

Föstudaginn 20. mars 1992.

Nr. 114/1992.

**Ásgeir Ólafsson,  
Birgir Viðarsson,  
Einar Sigurjónsson,  
Elmar Þór Þorkelsson,  
Guðjón S. Þóroddsson,  
Guðlaugur Aðalsteinsson,  
Guðmundur Ö. Bergþórsson,  
Hannes Haraldsson,  
Helgi Guðmundsson,  
Hilmar Ingimarsson,  
Hilmar Ögmundsson,  
Hreinn Vilhjálmsson,  
Hugi Ingibjartsson,  
Ingi Jóhann Valsson,  
Jóhannes Kjartansson,  
Jón Einar Guðlaugsson,  
Jón Páll Sigmarsson,  
Jón V. Einarsson,  
Kristinn Margeir Jóhannesson,  
Kristján Jónsson,  
Oliver Pálmason,  
Óskar Barkarson,  
Pétur B. Sch. Thorsteinsson,  
Snæbjörn Aðils,  
Sólberg Svanur Bjarnason,  
Steingrímur Sigurðsson,  
Sveinn Helgi Geirsson,  
Sölvi Fannar Viðarsson,  
Tryggvi Rúnar Guðjónsson,  
Úlfar Hauksson,  
Valbjörn Jónsson,  
Viðar Jónsson,  
Þorgeir Axelsson,  
Þórhallur Guðmundsson og  
Ævar Jónsson**  
gegn  
**Péttri Péturssyni.**

Kærumál. Frávísunardómur úr gildi felldur.

### Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Þór Vilhjálmsson, Garðar Gíslason og Gunnar M. Guðmundsson.

Sóknaraðilar hafa með heimild í b-lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands skotið máli þessu til réttarins með kæru 5. mars 1992. Kæran barst Hæstarétti 16. sama mánaðar. Hinn kærði dómur var kveðinn upp 21. febrúar 1992.

Sóknaraðilar krefjast þess, að hinum kærða frávísunardómi verði hrundið og lagt fyrir héraðsdómara að leggja efnisdóm á málið. Þá krefjast þeir kærumálskostnaðar.

Af hálfu sóknaraðila er því haldið fram, að engir þeir hnökrar séu á málalíbúnaði þeirra, er réttlæti frávísun málsins frá héraðsdómi.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða frávísunardóms og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðila.

Varnaraðili færir fram ýmis rök fyrir kröfu sinni. Í fyrsta lagi er því haldið fram, að aðild sóknaraðila sé svo óljós og illa rökstudd, að vísa eigi málinu frá héraðsdómi þegar af þeirri ástæðu. Er um þetta vísað til 88. gr. og 108. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði. Í öðru lagi sé kröfugerð sóknaraðila, efnislýsing brota og heimfærsla þeirra til refsíákvæða mjög óljós. Refsikröfur séu settar fram án beinnar skírskotunar til þeirrar háttsemi, sem krafist er refsingar fyrir. Þá sé miskabótakrafa í engu rökstudd. Allt sé þetta andstætt ákvæðum c- og d-liðar 88. gr. laga nr. 85/1936 og ákvæðum 115. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála. Í þriðja lagi er því haldið fram, að 47. gr. laga nr. 85/1936 eigi ekki við og samlagsaðild að málinu sé því óheimil. Óhugsandi sé, að 35 menn, sem varnaraðili þekki ekkert til, hafi orðið fyrir sömu óþægindum og þjáningum vegna viðtals við hann í fjölmiðli. Í fjórða lagi hafi málinu verið stefnt til dómstóla samtímis því, að sóknaraðilar kærðu hin átöldu ummæli til síðanefndar Læknafélags Íslands. Slíkt geti ekki verið heimilt að lögum.

Lagaskilyrði eru til þess, að sóknaraðilar stæðu saman að höfðun málsins, sbr. 1. mgr. 47. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 13. gr. laga nr. 28/1981. Telja verður, að í stefnu sé gerð nægileg grein fyrir sóknaraðild málsins. Ummæli þau, sem stefnt er út af í málinu, eru tilgreind orðrétt í stefnu og afmörkuð þar nægilega. Þar er og vísað til tiltekinnna greina í almennum hegningarlögum, sem sóknaraðilar telja, að brotið sé gegn með ummælunum. Í stefnu og greinargerð eru tildrög málsins

rakin og málsástæður sóknaraðila reifaðar. Eru því ekki efni til þess að fallast á það með héraðsdómara, að lagaskilyrði hafi verið til þess að vísa málinu frá héraðsdómi.

Samkvæmt því ber að fella hinn kærða frávísunardóm úr gildi og leggja fyrir héraðsdómara að taka málið til efnismeðferðar.

Rétt er, að varnaraðili greiði sóknaraðilum sameiginlega 30.000 krónur í kærúmálskostnað, og er þá ekki tekið tillit til virðisauka-skatts.

#### D ó m s o r ð:

Hinn kærði frávísunardómur er úr gildi felldur, og er lagt fyrir héraðsdómara að taka málið til efnismeðferðar.

Varnaraðili, Pétur Pétursson, greiði 30.000 krónur í kærúmálskostnað til sóknaraðila, Ásgeirs Ólafssonar, Birgis Viðarssonar, Einars Sigurjónssonar, Elmars Þórs Þorkelssonar, Guðjóns S. Þóroddssonar, Guðlaugs Aðalsteinssonar, Guðmundar Ö. Bergþórssonar, Hannesar Haraldssonar, Helga Guðmundssonar, Hilmars Ingimarssonar, Hilmars Ögmundssonar, Hreins Vilhjálmssonar, Huga Ingibjartssonar, Inga Jóhanns Valssonar, Jóhannesar Kjartanssonar, Jóns Einars Guðlaugssonar, Jóns Páls Sigmarssonar, Jóns V. Einarssonar, Kristins Margeirs Jóhannessonar, Kristjáns Jónssonar, Olivers Pálmasonar, Óskars Barkarsonar, Péturs B. Sch. Thorsteinsson, Snæbjörns Aðils, Sólbergs Svans Bjarnasonar, Steingríms Sigurðssonar, Sveins Helga Geirssonar, Sölva Fannars Viðarssonar, Tryggva Rúnars Guðjónssonar, Úlfars Haukssonar, Valbjörns Jónssonar, Viðars Jónssonar, Þorgeirs Axelssonar, Þórhalls Guðmundssonar og Ævars Jónssonar.

#### Dómur bæjarþings Akureyrar 21. febrúar 1992.

Mál þetta, sem tekið var til dóms eða úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi 17. þessa mánaðar um frávísunarkröfu stefnda, Péturs Péturssonar, Hjarðarlundi 9, Akureyri, er höfðað hér fyrir dómi með stefnu, þingfestri 23. maí 1991, af Valbirni Jónssyni [o.fl.].

#### Dómkröfur:

„Dómkröfur stefnenda eru þær, að stefndi, Pétur Pétursson, verði dæmdur til að greiða stefnendum öllum saman 10.500.000 kr. með dráttar-

vöxtum skv. 10. gr. l. nr. 25/1987, sbr. 7. gr. og 15. gr. s. l., og í samræmi við ákvarðanir Seðlabanka Íslands frá 10. apríl 1991 til greiðsludags kröfunnar. Vaxtavextir reiknast í fyrsta sinn 10. apríl 1992 og síðan árlega. Enn fremur er þess krafist, að stefndi verði dæmdur til refsingar í samræmi við 234. gr., 235. gr. og 2. mgr. 236. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, þ.e. fangelsi í tvö ár, og að ummælin: „Mér skilst, að þeir, sem stunda vaxtarrækt, að það heyri til undantekninga, ef þeir karlmenn séu ekki á sprautum,“ verði dæmd dauð og ómerk. Þá er þess krafist, að stefndi verði dæmdur til að greiða hæfilega fjárhæð til að standast kostnað af birtingu dóms í þessu máli í fjölmiðlum. Að lokum er þess krafist, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnendum málskostnað samkvæmt gjaldskrá LMFÍ, og beri málskostnaðarfjárhæðin dráttarvexti skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags. Jafnframt er þess krafist, að dráttarvextir leggist við tildæmdan málskostnað á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn tólf mánuðum eftir upphafsdag vaxtanna, allt þetta að viðbættum virðisauka-skatti á málflutningsþóknun.”

Dómkröfur stefnda eru þær í fyrsta lagi, að máli þessu verði vísað frá dómi, en verði ekki fallist á frávísunarkröfuna, að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnenda í málinu. Í báðum tilvikum er krafist málskostnaðar in solidum úr hendi stefnenda [...].

#### *Álit dómsins.*

Svo sem hér að framan er rakið, eru dómkröfur stefnenda þær, að stefndi verði dæmdur til refsingar í samræmi við 234., 235. og 2. mgr. 236. gr. alm. hgl. nr. 19/1940, þ.e.a.s. fangelsi í tvö ár. Er refsikrafa þessi sett fram án beinnar skírskotunar til þeirrar háttsemi, sem krafist er refsingar fyrir. En um refsikröfuna er hins vegar fjallað sérstaklega í kaflanum um málavexti og málsástæður. Í þeim kafla stefnunnar svo og greinargerð er einnig fjallað um setninguna: „Eistun á þessum ræflum rýrna og verða ræfilsleg“ - og vísað til hegningarlagagreina, en ekki tilgreint um þessi orð í kröfugerð.

Fellst dómari á þá málsástæðu stefnda, að málalíbúnaður stefnenda varðandi refsikröfuna sé með þeim hætti, að ekki samrýmist ákvæðum c- og d-staflidar 88. gr. laga nr. 85, 1936, um meðferð einkamála í héraði, og hið sama megi segja um miskabótakröfu stefnenda. Með vísan til þessa er þegar af þeirri ástæðu fallist á þá kröfu stefnda, að máli þessu verði vísað frá dómi.

Eftir atvikum þykir dómara rétt, að málskostnaður falli niður.

Dóm þennan kvað upp Ásgeir Pétur Ásgeirsson héraðsdómari.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Málskostnaður fellur niður.